

## Fundargerð háskólaráðs

350. fundur mánudaginn 23. júní 2014

fundaherbergi 262, Borgum kl. 12.30 – 15.15

Rektor Stefán B. Sigurðsson setti fund kl. 12.30

Mættir voru auk hans:

Hermína Gunnþórsdóttir fulltrúi háskólasamfélagsins

Óskar Þór Vilhjálmsson varafulltrúi háskólasamfélagsins

Kristín Ástgeirs dóttir fulltrúi menntamálaráðherra

Hjalti Jón Sveinsson varafulltrúi háskólaráðs

Fjarveru boðuðu:

Hjörleifur Einarsson fulltrúi háskólasamfélagsins

Finnbogi Jónsson fulltrúi háskólaráðs

Svanfríður Inga Jónasdóttir fulltrúi háskólaráðs

Hafdís Erna Ásbjarnardóttir fulltrúi nemenda

Aníta Einarsdóttir varafulltrúi nemenda

Aðrir mættir:

Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri

Úlfar Hauksson forstöðumaður

Guðrún María Kristinsdóttir ritari rektors

Gestir:

Lísa Z. Valdimarsdóttir skjalastjóri

---

Rektor kynnti dagskrá.

### 1. Fundargerð síðasta fundar, mál til kynningar

Fundargerð 349. fundar var samþykkt.

- Rektor greindi frá framkvæmd háskólahátiðar 14. júní sem gekk vel. Allar líkur eru á að háskólahátið verði haldin á Sólborg framvegis.
- Heimsókn Svíaprinsessu þann 19. júní heppnaðist vel. Hún fékk fræðslu um háskólann og um norðurslóðamálefni.



## 2. Rekstraryfirlit janúar-máí

1403039

ÚH skýrði út yfirlitið. Staða fræðasviða og stoðþjónustu/stjórnsýslu er 43,06% af áætlun en viðmiðið er 41,66%. Um er að ræða brúttótölur og eftir er að færa tekjur á móti launakostnaði bæði vegna rannsóknamsírra og sérstakra verkefna. Að teknu tilliti til þess er staðan í samræmi við viðmið. Rekstur stofnana og setra með eigin tekjur er í samræmi við áætlun.

Launakostnaður fræðasviðanna er ívíð meiri en áætlað var. Forsetum fræðasviða er því gert að halda aftur af kostnaði eins og framast er unnt á haustmisseri.

ÓH greindi frá hverjar horfur eru varðandi rekstrarniðurstöðu ársins eins og mál standa nú. Umræða varð um mögulegar leiðir til hagræðingar í rekstri háskólans. Verður það mál tekið upp aftur.

Rektor þakkaði ÚH og ÓH fyrir og fóru þeir af fundinum.

## 3. Niðurstöður Gæðaráðs íslenskra háskóla eftir úttekt á gæðum náms við Háskólann á Akureyri

Rektor greindi frá heilstu niðurstöðum Gæðaráðsins eftir úttekt á háskólanum.

Heildarniðurstaðan er að Háskólinn á Akureyri hlýtur einkunnina *Confidence* sem er hæsta einkunn sem Gæðaráð gefur í fyrstu úttekt. Með *Reflective Analysis* skýrslunni sem tekin var saman í HA fyrir heimsókn úttektarnefndarinnar fylgir listi yfir 40 atriði sem háskólinn ætlar að nýta til gæðaumbóta. Aðgerðaáætlun skólans 2014-2015 byggir á þessum atriðum.

Lokaskýrsla Gæðaráðs íslenskra háskóla er opinbert skjal. Rektor hvatti háskólaráðsfulltrúa til að kynna sér skýrsluna vel.

## 4. Starfsmannahandbók HA

Lísa kom á fundinn og bauð rektor hana velkomna.

Greindi hún frá vinnu starfshóps að samantekt starfsmannahandbókarinnar og sýndi handbókina sem er á innri vef háskólans. Handbókin verður í stöðugri vinnslu og endurskoðun. Lísa svaraði fyrirspurnum fundarmanna um starfsmannahandbókina.

SM  
H.A.  
DK  
HF

Háskólaráð lýsti ánægju með vel unnið verk starfshópsins.

Rektor þakkaði Lísu fyrir og fór hún af fundinum.

#### 5. Nýtt framgangskerfi HA

Þann 1. júlí verður í fyrsta sinn veittur framangur í samræmi við reglur nr. 747/2012 um framgang akademískra starfsmanna við Háskólann á Akureyri.

Reglur um framgang hafa verið samræmdar hjá opinberu háskólunum.

Háskólaráð hefur áður sampykkt að hafa viðhöfn þegar veittur er framangur til prófessors, t.d. með því að viðkomandi haldi fyrirlestur um rannsóknir sínar fyrir starfsfólk HA.

#### 6. Rektorsskipti 1. júlí

Stefán B. Sigurðsson mun afhenda nýjum rektor lykla við táknræna athöfn á skrifstofu rektors. Eyjólfur Guðmundsson tekur við rektorsembættinu 1. júlí nk.

#### 7. Önnur mál

Rektor óskaði Hermínu Gunnþórsdóttur til hamingju með að hafa lokið Ph D gráðu í menntunarfræði.

Varðandi umsókn háskólans um heimild til að bjóða upp á doktorsnám upplýsti rektor að sótt verður um heimild fyrir öll þrjú fræðasviðin.

Rektor sagði frá þáttöku sinni í athöfn á Hrafnseyri þann 17. júní en hún er haldin ár hvert til að fagna brautskráningu nemenda við Háskólastetur Vestfjarða.

Rektor svaraði fyrirspurn um endurskoðun námsframboðs HA á þann veg, að forsetum fræðasviða hefur verið falið að koma með hugmyndir að nýju námsframboði til framkvæmdastjórnar. Háskólaráð getur vænst þess að fá kynningu á málinu í haust.

Rektor þakkaði háskólaráði fyrir samstarfið síðustu fimm árin. Háskólaráð þakkaði rektor einnig fyrir og óskaði honum velfarnaðar í nýju starfi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.15

Kristín Íestjórsdóttir  
Hermína Gunnþórsdóttir  
Óskar Þór Vilhjálmsson  
